



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík
postur@anr.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 26. maí 2021

Efni: Umsögn um Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði þann 5. maí síðastliðinn eftir umsögnum um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Íslands undir yfirskriftinni Ræktum Ísland!

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) fagna þeirri metnaðarfullu vinnu sem birtist í umræðuskjalinu og viðleitni stjórnvalda að leggja fram löngu tímabærra landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Samtökin taka undir þær áherslur sem settar eru fram í umræðuskjalinu um að meginþættir landbúnaðarstefnu framtíðarinnar séu að treysta fæðuöryggi, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra landnýtingu, auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni á grundvelli vísinda og nýjustu tækni og stuðla að því að blómlegur landbúnaður þrífist um land allt. Ljóst er að mjög mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum og því er mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda endurspegli þessi tækifæri, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbótar og þjóðinni til heilla.

Samtökin benda á að krafan um sjálfbæra nýtingu auðlinda fer hratt vaxandi. Ekki er ásættanlegt að gengið sé á auðlindir með þeim hætti að komandi kynslóðir fái ekki notið þeirra með sambærilegum hætti og núlifandi kynslóðir. Tryggja þarf að umhverfi matvælaframleiðslu á Íslandi sé ómengað og að hreinleiki aðfanga sé tryggður. Jafnframt þurfa allir framleiðsluferlar að standast kröfur um öryggi. Þannig verða matvæli hér á landi hrein og örugg til neyslu. Íslenskur landbúnaður er þekktur fyrir hreinleika og sjálfbærni. Lega landsins og veðurfar valda því að notkun varnarefna í landbúnaði er lítil sem engin. Þá hefur einangrun búfjárstofna í för með sér að búfjárheilsa er hér með því besta sem þekkist og sýklalyfjanotkun hverfandi miðað við það sem víðast er.

Samtökin benda á að árið 2018 sameinuðust íslenskir matvælaframleiðendur í stefnu að verða framúrskarandi á heimsvísu með sérstakri áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, hreinleika, rekjanleika og öryggi að leiðarljósi. Sú stefna varð síðar einn af hornsteinum í Matvælastefnu sem stjórnvöld kynntu í byrjun desember sl. Í þeirri stefnu var lögð áhersla á að gæðakerfi og innra eftirlit matvælafyrirtækja, jafnt innlendra framleiðenda sem innflutningsfyrirtækja, þyrftu að sýna fram á að fyrirtækin störfuðu í samræmi við þessar áherslur. **Í því samhengi var einnig lögð áhersla á að innflutt matvæli þyrftu að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlendra matvælafyrirtækja.** Skorað var á að íslensk stjórnvöld styddu við framgang þessara stefnumiða og myndu sjá til þess að íslenskir neytendur og gestir landsins hafi ávallt aðgang að fjölbreyttum og heilnæmum úrvals matvælum.


Í umræðuskjalinu er vikið að sérstöðu landbúnaðar innan Evrópusambandsins og í því samhengi vikið að samkeppnisreglum. Innan Evrópusambandsins sem og í Noregi þá liggur fyrir að þar gilda almennari og rýmri ákvæði í löggjöf **sem víkja til hliðar ef þau standa í vegi fyrir framkvæmd landbúnaðarstefnu stjórnvalda**. Það er því fagnaðarefni að í dregið sé fram mikilvægi þess við mótun landbúnaðarstefnu að horft sé til þeirra reglna sem gilda um starfsemi bænda og afurðastöðva í nágrennalöndum og að mikilvægt sé að skilyrði til rekstrar og hagræðingar innan greinarinnar sé ekki **lakari** hér en annars staðar.

Þá er eining tekið fram mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld móti tollastefnu með þeim hætti að íslenskur landbúnaður og úrvinnsluiðnaður geti staðið traustum fótum. Í þessu samhengi er dregið fram að með slíku eigi að skapa svigrúm afurðastöðvar og vinnslustöðva til hagræðingar komi til lækkunar tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir.

Samtökin telja einnig mjög jákvætt að dregið sé fram mikilvægi dýravelferðar en eins og fram kemur í skjalinu þá eru gerðar strangari kröfur hér á landi en innan Evrópusambandsins. Í því samhengi er bent á að hér á landi verður að svipta dýr meðvitund áður en blóðtæming fer fram sem er ekki skylt innan ESB og þá er ekki heimilt að þvinga fóður í dýr nema að um læknismeðferð sé að ræða. Minnt er á að ráðherra hefur heimild til að takmarka eða banna innflutning eða dreifingu dýraafurða sem framleiddar eru í andstöðu við íslensk lög.


Í Ræktum Ísland! Umræðuskjali um landbúnaðarstefnu eru dregnir fram fjölmargir þættir er varða sérstöðu íslensks landbúnaðar. Skjalið er góð áminning og hvatning með hvaða hætti hægt er efla íslenskan landbúnað og sækja þau tækifæri sem blasa við íslenski matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum. Það er mat samtakanna að stefnumörkun stjórnvalda sem birtist í þessu umræðuskjali endurspegli þessi tækifæri, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbótar og þjóðinni til heilla.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja



Steinþór Skúlason, formaður

f.h. Samtaka iðnaðarins



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði